



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 15. mars 2024

Efni: Minnisblað um samræmda móttöku flóttafólks í Kópavogi

Kópavogsbær skrifaði undir þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks þann 22. júní 2023. Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan fólk kemur. Gildistími samnings var 1. apríl 2023 - 31. desember 2023. Á grundvelli samnings voru ráðnir inn tveir starfsmenn, félagsráðgjafi og þjónustufulltrúi sem komu til starfa mánaðarmótin september/október sl. Félagsráðgjafinn sem ráðinn var hefur sagt upp störfum og er hættur. Unnið er að ráðningu nýs félagsráðgjafa.

Nýr samningur um samræmda móttöku flóttafólks var undirritaður 8. mars 2024 og mun hann gilda í sex mánuði með heimild til framlengingar um sex mánuði til viðbótar eða til 31. desember 2024. Samningsaðilar eru sammála um að komið verði á fót starfshópi á samningstímabilinu sem hefur það markmið að endurskoða samninginn um samræmda móttöku flóttafólks og koma með tillögu að nýjum samningi til framtíðar. Nýr samningur felur í sér að Kópavogur skuli veita sama fjölda einstaklinga þjónustu og í fyrri samningi eða allt að 101 einstaklingum.

Hér fyrir neðan má sjá tvær töflur þar sem fram koma helstu lykiltölur vegna samræmdrar móttöku flóttafólks í Kópavogi (mars 2024).

Samræmd móttaka flóttafólks	Fjöldi í þjónustu	Þar af börn	Flutt frá Kópavogi	Samtals
Fjöldi tilvísana frá upphafi	105	26	48	153

Fjöldi barna í skóla	16
Fjöldi barna sem bíða eftir skólaþjónustu	10
Á vinnumarkaði	18
Námskeið	16
Fjárhagsaðstoð	34
Stuðningsáætlanir	13

Það er enginn húsnæðislaus af því flóttafólki sem er í þjónustu í Kópavogsbæ. Elsti einstaklingurinn sem er í þjónustu er 91 árs. Flest flóttafólk kemur frá Palestínu, Úkraínu og Venesúela.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,
Þóra Kemp
Skrifstofustjóri